

Skólaráðsfundur 14. nóvember kl. 10

Mætt eru: Guðmundur Kári Þorgrímsson skólastjóri, Aðalheiður Rós Unnsteinsdóttir og Daldís Ronja Líndal Jensdóttir fulltrúar nemenda, Dagný Lára Mikaelisdóttir fulltrúi foreldra barna í grunnskóla, Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir fulltrúi foreldra barna í leikskóla, Jóhanna Lind Brynjólfssdóttir fulltrúi leikskólustarfsmanna, Íris Dröfn Brynjólfssdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Ragnheiður Helga Bæringsdóttir fulltrúi kennara og ritari.

Katrín Kristjánsdóttir fulltrúi kennara boðaði forföll.

Dagskrá fundar:

- Starfsáætlun skólans í vetur.*
Skólastjóri fer yfir starfsáætlun skólans.
- Stefna skólans um heimanám. Hvaða hugmyndir hefur skólaráð?*
Umræður um heimanám. Rætt um að námið fari fram í kennslustundum en möguleiki á að vinna upp áætlun heima. Nefnt að ef nemandi er að vinna í tímum en nær samt ekki að halda áætlun, gæti þurft að endurskoða áætlun. Kom fram hugmynd um lestrarkennslu fyrir foreldra. Niðurstaða að skólastjóri tryggi fræðslu til foreldra.
- Endurskoðaðar skólareglur*
Skólastjóri fer yfir uppfærðar skólareglur. Skólareglur hafa verið uppfærðar í samræmi við lög og reglugerðir og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Skólareglur eru samþykktar af skólaráði.
- Bekkarstjórnun, áhersluverkefni vetrarins*
Skólastjóri fer stuttlega yfir þær áherslur sem felast í bekkarstjórnunarkerfinu sem lagt er upp með í vetur.
Aðalheiður og Daldís segja frá hvernig útfærslan er hjá þeim á unglingastigi.
Innlit skólastjóra í kennslustundir
Skólastjóri segir frá því markmiði sínu að ná að líta inn í kennslustundir og fylgjast með kennslu.
- Öryggisáætlun*
Skólastjóri kynnir Öryggisáætlun sem gerð hefur verið fyrir skólann.
Öryggistrúnaðarmaður í Leikskóladeild er Íris Dröfn Brynjólfssdóttir og Atli Freyr Guðmundsson í Grunnskóladeild.

Skólastjóri kynnir einnig EKKÓ áætlunin skólans.
- Gagnvirk og góð samskipti við foreldra og forráðamenn.*

Rætt um mikilvægi þess að muna eftir jákvæðu hlutunum í samskiptum við foreldra, ekki bara neikvæðu samskiptum. Muna eftir samskiptum við foreldra allra barna.

7. *Gæðaráð.*

Skólastóri leggur fram tillögu um að skólaráð sinni einnig störfum gæðaráðs vegna erfiðleika við að skipa í gæðaráð.

Tillagan er samþykkt einróma.

8. *Fundaáætlun vetrarins*

Á dagskrá eru sex fundir, nóvember, janúar, febrúar, mars, apríl og maí.

Rætt um fundartíma. Skólastjóri mun senda út áætlaðar dagsetningar og stefnt á að fundað sé þriðjudaga, miðvikudaga eða fimmtudaga kl. 13:30.

9. *Ársáætlun um innra mat*

Skólastjóri fer yfir skipulag, framkvæmdir og umbætur innra mats, heildarendurskoðun stendur yfir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.11:30.

